

# ViðbótarÆFING: KLIPPIMYND Í SPORUM BARNINS

## ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að vera forvitin/n um áhugamál barnsins, sögur og reynslu, svo þið getið skipulagt samtalsverkefni sem byggja á því sem barnið hefur áhuga á.

## SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Fylgið tvítýngdu barni eftir einn dag eða nokkra klukkutíma þar sem þið forvitnist um áhugamál barnsins og fetið í fótspor þess.

Samtímis takið þið myndir af því sem barnið hefur áhuga á. Það getur verið það sem barnið er að gera, leikföng eða eitthvað sem gerist í matartímanum, leikir, samveran, leiksvæðið, hvíldartíminn o.s.frv.

Prentið myndirnar út og gerið klippimynd sem þið takið með á starfsmannafund.

**Saga barnsins er mikilvæg, Við eigum að þekkja hana og vera forvitin um lífsreynslu barnsins, af því að það gefur okkur mikilvæga þekkingu um þá manneskju sem barnið er og um þau spor sem barnið hefur stigið í heiminum**

*(Pernille Hviid, Særligt undsatte børn og pædagogiske læreplaner, 2007).*

## Á STARFSMANNAFUNDI/DEILDARFUNDI:

Skóðið klippimyndina og talið um:

- Hvað er barnið að leika? (þ.e. hvaða sögu er barnið að leika?)
- Hvar er barnið oft þegar það er í leikskólanum?
- Með hverjum er barnið? Hvað gera þau saman?
- Hvaða sögum/bókum/kvikmyndum er barnið hrifið af?
- Hvenær virðist barnið vera áhugasamt? Hvað er það sem höfðar til þess?
- Hvað segir barnið þér?
- Hvað setur barnið í skúffuna sína? Hvað tekur það með sér í leikskólann?